

Borgarstjórn

***Tillaga um fyrirframgreiðslu til tónlistarskólanna í Reykjavík***

Borgarstjórn samþykkir að veita fjármálastjóra framlengda heimild til að greiða tónlistarskólum í Reykjavík, sem eru í tímabundnum greiðsluvanda, fyrirfram áætlað framlag Jöfnunarsjóðs vegna kennslukostnaðar vegna nemenda á miðstigi í söngnámi og/eða framhaldsstigi í söng- og tónlistarnámi, vegna september 2015, alls um 16,6 m.kr. Eigi síðar en 1. október 2015 verður aftur horfið til eftirágreiðslu framlags og kemur þá til uppgjors á ofangreindu fyrirkomulagi.

Greinargerð:

Tillaga þessi er gerð þrátt fyrir að ekki liggi lengur fyrir formlegt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun kennslukostnaðar tónlistarnáms nemenda á miðstigi í söngnámi og framhaldsstigi í söng- og tónlistarnámi. Er þetta gert í trausti þess að nýtt samkomulag verði til á næstunni milli sömu samningsaðila um framlengingu eldra samkomulags um eflingu tónlistarnáms á miðstigi í söngnámi og framhaldsstigi í söng- og tónlistarnámi og um viðbótarfjármagn frá ríki, borg og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Tillaga þessi felur ekki í sér breytingu á fjárhagsáætlun og kallar ekki á jafnréttismat.

Dagur B. Eggertsson

